



þríbraut

fjölmennigarlegt verkefni um sjálfsmýnd,
menningu og fordóma



Lokaskýrsla

Verkefnið var styrkt af Sprotasjóði skólaárið 2016-2017

Hagnýtar upplýsingar

Nafn verkefnisins: Þríþraut - fjölmennigarlegt verkefni um sjálfsmynd, menningu og fordóma

Verkefnastjóri: Helga Björt Möller

Verkefnið hlaut styrk skólaárið 2016-2017

Númer verkefnis: UMS 172. 2016-2017

Markmið verkefnis

Markmið verkefnisins var að vinna markvisst að bættri stöðu nemenda af erlendum uppruna þannig að sa nemendahópur hefði jöfn tækifæri til náms og í lífinu almennt og aðrir nemendur en rannsóknir sýna að oft hallar á þann nemendahóp. Í Grunnskólanum á Ísafirði eru tæp 20% nemenda sem eiga annað eða báða foreldra sem eru erlendir.

Markmiðið var að skólinn gæti skilgreint sig sem fjölmennigarlegan skóla þar sem kennsluhættir henta jafnt öllum nemendum, að valdastaða foreldra grunnskólabarna sé jöfn (óháð uppruna) og að bæði nemendur og kennarar séu stoltir af því að tilheyra fjölmennigarlegu skólasamfélagi og líti á það sem styrkleika skólans.

Markmið verkefnisins var einnig að vinna markvisst gegn fordóumum þannig að allir í skólasamfélagini hafi tök á að blómstra, óháð sérstöðu sinni.

Leiðir til að ná markmiðinu:

Unnið var að verkefninu á ýmsum sviðum skólastarfsins, unnið með starfsfólk skólans, unnið var með nemendum og foreldrum þeirra.

Vinna með starfsfólk:

Rafræn könnun á viðhorfum

Í júní 2016, áður en verkefnið fór af stað og í september 2017 eftir að verkefninu var lokið voru lagðar fyrir rafrænar starfsmannakannanir þar sem spurt var út í viðhorf starfsfólks Grunnskólans á Ísafirði til fjölmenningar. Kannanirnar voru lagðar fyrir í forritinu Survey Monkey. 28 starfsmenn svöruðu fyrri könnuninni en 25 þeirri seinni. Svörun hefði mátt vera meiri. Spurningarnar vörðuðu viðhorf starfsfólks, kennsluhætti, hugmyndir starfsfólks um líðan og námsgengi nemenda af erlendum uppruna, samskipti við foreldra og fordóma. Það mátti greina nokkrar jákvæðar breytingar á milli fyrri og seinni könnunar. Í mörgum tilfellum voru niðurstöður svipaðar á milli kannanna og ekki mátti greina neikvæða breytingu á milli kannanna. Meira verður fjallað um niðurstöður rafrænu kannananna í kaflanum um mat á verkefninu.

Rýnihópur kennara

Auglýst var eftir kennurum í rýnihóp verkefnisins og létu viðbrögðin ekki á sér standa, 10 kennrarar buðu sig fram. Hópurinn fundaði reglulega yfir veturn og ræddi ýmis málefni tengd fjölmennigarlegu skólastarfi. Kennrarar í hópnum voru af yngsta, mið- og elsta stigi.

Lesefni

Lesefni um fjölmennigarlegt skólastarf var keypt eða útvegað og gert aðgengilegt kennurum. Lesefnið var aðalega úr bókunum *Fjölmennning á Íslandi og Fjölmennigarlegt skólastarf*. Ýmsar aðrar bækur voru skoðaðar eins og *Allir geta eitthvað, enginn getur allt* (eftir Guðrúnu Pétursdóttur) auk greina á netinu. Rýnihópur verkefnisins las og ræddi lesefnið.

Fræðsla-námskeið

Haldið var námskeið 14. október 2016 þar sem Guðrún Pétursdóttir, félagsfræðingur kom og fræddi allt starfsfólk skóla um fjölmennigarlegt skólastarf og fordóma, 64 þátttakendur voru á námskeiðinu. Námskeiðið var ætlað öllu starfsfólki og nokkrir starfsmenn frá skólum nærliggjandi bæja voru boðnir með. Þau atriði sem fjallað var um á námskeiðinu voru:

- Fjölmennning, fordómar og fjölmennigarleg kennsla. Hvers vegna skipta viðhorf kennara og annars starfsfólks máli.
- Fjölmennigarleg hæfni kennara í fjölbreyttu samfélagi.
- Kennsluaðferðir fjölmennigarlegrar kennslu.
- Stutt yfirlit um samvirkt nám í fjölbreyttum nemendahópi.
- Stutt samvinnuverkefni um samvinnunám.
- Bekkjarandinn.



Vinna með nemendum:

Íslenska sem annað mál

Sjálfsmyndarverkefni

Unnið var með nemendur í 7., 8., 9. og 10. bekk sem leggja stund á íslensku sem annað mál, sú vinna var tengd orðaforða. Orðaforði sjálfssins var skoðaður t.d. orð sem lýsa persónuleika hvers og eins, últiti, fjölskyldu og fjölskylduhögum auk áhugamála. Nemendur skilgreindu sig í orði og útbjuggu einnig ólík myndverk þar sem þeir nýttu orðaforða sjálfssins. Úr varð falleg og áhugaverð myndsköpun og ritaðar lýsingar þar sem nemendur köfuðu inn á við en unnu jafnframt með flóknari lýsingarorð. Verkefnin vöktu athygli þegar þau voru hengd upp á veggi skólans. Bæði nemendur og starfsfólk stöldruðu við og veltu fyrir sér verkunum, hvaða verk ætti við hvaða nemanda. Það var jákvætt að heyra það þegar nemendur sem ekki leggja stund á íslensku sem annað mál óskuðu eftir því að vinna sambærileg verkefni í sínum íslenskutínum.



Rætur nemenda



Nemendur unnu verkefni tengd rótum sínum. Þeir fóru í heimildavinnu (mest umræður við foreldra) þar sem þeir kynntu sér sögu einhvers forföður eða ættingja síns og sögðu frá honum á veggspjaldi eða með glærukynningu. Þeir útbjuggu ættartré, útskýrðu skyldleika og lýstu svo lífi viðkomandi ættingja eins og þeir gátu. Margar áhugaverðar umræður og sögur spunnust út frá verkefninu og nemendur lærðu ýmislegt um forfeður og fjölskyldu sína sem þeir ekki vissu áður.

Myndmennt

Nemendur í 6. og 7. bekk unnu með sjálfið í myndmennt, bæði í gegnum leiki og skapandi vinnu. Nemendur skoðuðu fortíð, nútíð og framtíð sína með því að mála mynd af hverju tímabili fyrir sig. Grímugerð þar sem krafðist var nándar í samvinnu vakti mikla lukku og gerði hópinn nánari. Farið var í leiki eins og hver er ég? (sjá á leikjavefurinn.is). Nemendur fundu út hvað þeir ættu sameiginlegt og hvað gerir þá einstaka, í hringleik. Nemendur unnu mikið með sjálfsmýndir og sjálfið þennan vetur, jafnt tvítyngdir sem aðrir.



Þemadagar



Þemadagar að hausti skólaársins 2016-2017 voru helgaðir fjölmenningu. Á ýmsum stöðvum var unnið með blandaða árganga nemenda í samvinnunámsaðferðum. Dæmi um verkefnastöðvar var matargerð ólíkra landa, dansar heimsins, hópefli og samvinna, bútasumsteppi útbúið, fræðsla um fordóma, tölfræði í tengslum við hvar rætur nemenda skólans liggja, myndsköpun, þekktir Íslendingar með rætur frá öðrum löndum og fleira.

Vinna með foreldrum:

Auglýst var eftir foreldrum af erlendum uppruna til þátttöku í verkefninu. Nokkrir foreldrar buðu sig fram og funduðu tvisvar yfir veturinn. Á þeim fundum voru ýmsar hliðar skólastarfsins ræddar, rætt var um fordóma, jöfnuð, námið sjálft, námsmat, íslensku sem annað mál, móðurmál og félagsleg tengsl. Ýmislegt kom fram hjá foreldrum sem nýtist almennt í skólastarfi og sýn og viðhorf foreldranna voru skráð niður og rædd í rýnihópi starfsfólks.

Kynningarbréf þar sem óskað var eftir foreldrum til samstarfs var þytt á ensku og pólsku. Í rýnihóp foreldra var boðið upp á túlkabjónustu en þess gerðist ekki þörf þar sem allir foreldrarnir töluðu einhverja íslensku og í einstaka tilfellum þýddi eitt foreldrið fyrir hina á pólsku. Foreldrarnir afþökkuðu túlk.

Nokkrir áhugaverðir punktar frá foreldrum:

- Sumir foreldrar upplifðu að ekki væru gerðar nægar námslegar kröfur til barna þeirra m.v. aðra nemendur. Einhverjur upplifðu jafnvel að nemendur af erlendum uppruna væru hvattir til sleppa samræmdum prófum.
- Almennt upplifðu foreldrar ekki að börn þeirra upplifðu fordóma vegna uppruna síns.
- Það kom sumum foreldrum spánskt fyrir sjónir að greiða fyrir skólamötuneyti og töldu sóknarfæri varðandi jöfnuð á því sviði. Eins töldu þeir ójöfnuð speglast í því að sum börn færur í kostnaðarsamt tónlistarnám meðan á skóladeginum stæði (í fristund kl. 11-12) meðan önnur börn sem hefðu ekki tök á að sækja slíkt nám yrðu að vera í öðru á meðan.
- Foreldrar höfðu áhuga á að börn sín fengju móðurmálskennslu.
- Almennt fannst foreldrum upplýsingaflæði frá skólanum gott en þó stundum erfitt að skilja námsmatið.

Frávik miðað við áætlun verkefnis:

Ekki voru haldnir eins margir starfsmannafundir, teymisfundir og foreldrafundir eins og til stóð í upphafi verkefnis og var það vegna tímaskorts.

Í upphafi stóð til að Guðrún Pétursdóttir héldi tveggja daga námskeið. Vegna kostnaðar var aðeins hægt að fá hana til að halda námskeið einn dag. Daginn sem hún kom til Ísafjarðar var tveggja tíma seinkun á flugi og varð því námskeiðið styttra en gert var ráð fyrir í upphafi.

Helstu hindranir sem komu upp við vinnu verkefnisins:

Tímaskortur var það sem helst kom upp í vinnu við verkefnið og að koma viðburðum verkefnisins inn í skipulag skólangs ásamt öllu öðru sem þarf að koma fyrir. Erfitt reyndist að fara eftir áætlun varðandi skipulag fundartíma því alltof oft kom eithvað óvænt upp á sem þurfti að ræða á fundum og þurftu því fundir verkefnisins að mæta afgangi. Mismunandi viðhorf starfsfólks tengd verkefninu og var fólk mismóttækilegt fyrir því að gera breytingar.

Helsti ávinnungur af vinnu við verkefnið, jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfar eða samhliða verkefnisvinnu

Það má eflaust segja að fjölbreyttari hugmyndir um fjöldmenningarlegt skólastarf hafi sprottið fram meðan á verkefninu stóð. Starfsfólk þekkir betur út á hvað fjöldmenningarlegir kennsluhættir ganga, samvinnunám og þess háttar. Umræðan um að nemendur fái að nota móðurmálið sitt í skólanum hefur farið fram, umræður um mikilvægi móðurmáls og aukin víðsýni í garð móðurmála er almennt í starfsmannahópnum. Búið er að fræða starfsfólk um fordóma og upplifun fólks af erlendum uppruna af fordómum á Íslandi. Samkvæmt könnununum sem lagðar voru fyrir í tengslum við verkefnið er starfsfólk upplýstara en áður og viðhorfin gagnvart nemendum og foreldrum af erlendum uppruna jákvæðari en áður.


Aukaverkanir (fjallað verður nánar um þá punkta undir mat á verkefninu).

- Gefið fyrir pólsku í Mentor í öllum árgöngum (pólskunám, bæði fjarnám og staðnám)
- Þemadagar - Fjöldmenning
- Ferð 15 kennara til Póllands
- Ráðinn inn kennari af erlendum uppruna sem tók þátt í verkefninu sem foreldri


Mat á verkefninu samkvæmt umsókn

Samkvæmt rafrænu könnununum sem lagðar voru fyrir hefur notkun fjöldmenningarlegra kennsluháttar aukist í skólanum og einnig þekking á hvað fjöldmenningarlegir kennsluhættir eru. Kennrar virðast gagnrýnni á námsefnið og skoða það frekar út frá því hvort það endurspegli staðalmyndir eða varpi ljósi á fjölbreytileikann. Niðurstöður kannana benda til þess að starfsfólk telji sjálfsmýnd nemenda af erlendum uppruna betri en við upphaf verkefnisins. Starfsfólk telur önnur móðurmál en íslensku sýnilegri en áður og svo virðist sem starfsfólk telji fordóma gagnvart nemendum af erlendum uppruna hafa minnkað. Á súluritunum tákna lóðréttu súlurnar prósentuhlutfall þess starfsfólks sem svaraði könnuninni.

Ég nýti fjöldmenningarlega kennsluhætti í minni kennslu




**Ég hef skoðað námsefnið sem ég kenni út frá því
hvort það leggi áherslu á staðalmyndir eða sýni
fjölbreyttar myndir mannlífs og menningar**



**Ég tel að sjálfsmynd nemenda af erlendum
uppruna sé**



**Ég tel sýnilegt í GÍ að margir nemendur skólans
eigi önnur móðurmál en íslensku**



Samhliða verkefninu voru mörg jákvæð fjölmennigarleg skref stigin í skólanum þennan veturninn og vonandi má rekja aukinn skilning og áhuga starfsfólks til fjölbreyttra róta nemenda til verkefnisins.

Í fyrsta skipti var gefin einkunn fyrir nám í pólsku í öllum árgögum skólans og bæði fjarnám og staðnám í pólsku var metið til jafns við aðrar námgreinar. Einkunn fór inn á námsmatsblað í Mentor. Þeir nemendur sem stunduðu nám í pólsku voru ýmist í fjarnámi (9. og 10. bekkur í gegnum Tungumálaver) eða í staðnámi á laugardögum (1.-4. bekkur eða 5.-7. bekkur). Reynt var að bjóða upp á fjarnám í spænsku og fleiri tungumálum en það skilaði ekki árangri.

Vilji var fyrir því í kennarahópnum að tileinka þemadaga (2 dagar að hausti) fjölmenningu. Margþætt verkefni voru unnin í tengslum við hana í öllum árgögum.

15 kennarar skólans fóru til Varsjár í Póllandí í júní 2017 í námsferð til að kynna sér pólska skólakerfið. Margir nemendur skólans eru með pólskar rætur og því áhugavert að bera saman íslenska og pólska skólakerfið.

Niðurstöður verkefnisins:

Það má segja að niðurstöður verkefnisins séu mjög fjölbreyttar enda var unnið að verkefninu á ólíkum sviðum skólastarfsins.

- Mikil jákvæðni nemenda var fyrir fjölmenningartengdu verkefnunum í íslensku sem annað mál og myndmennt. Verkefnin voru gerð sýnilegt á veggjum skólans, vöktu athygli og jákvæð viðbrögð. Áframhald er á svipaðri verkefnavinnu skólaárið 2017-2018 og t.d. er verið að vinna með íslenskar og erlendar þjóðsögur í íslensku sem öðru máli þann veturninn.
- Starfsfólk fræddist talsvert um fjölmenningu og skólastarf yfir veturninn. Oft mátti heyra uppbyggilega umræðu og jafnvel gagnrýni á gömul gildi meðal starfsfólks yfir veturninn. Notkun fjölmennigarlegra kennsluaðferða jókst yfir veturninn og gaf rafræna könnunin vísbendingu um það. Áhugi er fyrir því að rifja upp ýmsar fjölmennigarlegar kennsluaðferðir markvisst enda var skilinn eftir hugmyndabanki í skólanum eftir námskeiðið sem haldið var.
- Foreldrar af erlendum uppruna fengu rödd innan skólans og komu hugmyndum sínum, jákvæðum athugasemendum og uppbyggilegri gagnrýni á framfæri. Tengsl þeirra sem tóku þátt í foreldrastarfinu efldust í sambandi við skólastarfið.
- Það má segja að markmið verkefnisins hafi náðst að því leyti að starfsfólk varð upplýstara um viðhorf og kennsluaðferðir, aukin viðurkenning og umræða fór fram varðandi móðurmálin, ýmis viðhorf varðandi fjölmennigarlegar hliðar skólastarfsins urðu jákvæðari skv. könnun. Hins vegar verður markmiðinu seint fullnáð og það krefst stöðugrar vinnu að halda uppi jákvæðum viðhorfum, vinna gegn fordómum og vera stolt af fjölbreytileikanum. Þó má ætla að auðveldara sé að vinna slíka vinnu þegar búið er að vinna jarðveginn eins og gert var í verkefninu. Áfram verður unnið að þeirri vinnu.

Helga Björt Möller, verkefnastjóri

Helga Björt Möller

Jóna Benediktsdóttir, skólastjóri

Jóna Benediktsd.